

Ed.

900. Nefndarálit

[413. mál]

um frv. til l. um þjóðaráttak til byggingar þjóðarbókhlöðu.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir meiri hl., undirritaðir nefndarmenn, með samþykkt þess. Minni hl. skilar séráliti.

Ragnar Arnalds skrifar undir nál. með þessum fyrirvara:

„Framkvæmdir við þjóðarbókhlöðu hafa legið niðri nú um skeið vegna fjárskorts. Ég hlýt að átelja að ekkert fjármagn skuli ætlað til byggingar þjóðarbókhlöðu á þessu ári. Frumvarpið fjallar um tekjuöflun og framkvæmdir á árinu 1987 og eðlilegast hefði verið, úr því sem komið er, að fjalla um þetta mál í tengslum við fjárlagagerð fyrir næsta ár. Ég verð einnig að fordæma hvernig staðið hefur verið að málinu og hefði talið æskilegra að gefist hefði tóm til að skapa almenna samstöðu um framkvæmd þess. Hins vegar er löngu kominn tími til að ljúka byggingu þjóðarbókhlöðu og því styð ég frumvarpið með þessum fyrirvara.“

Alþingi, 16. apríl 1986.

Ey. Kon. Jónsson,
form., frsm.

Egill Jónsson.

Eiður Guðnason,
fundaskr.

Sturla Böðvarsson.

Ragnar Arnalds,
með fyrirvara.

Jón Kristjánsson.